

EFTIRLITSSKÝRSLA

Háskóli Íslands (Þór) VRIII (mýs og rottur) 2019



Dags eftirlits	8.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kjartan Guðmundsson
Fyrirtæki	Háskóli Íslands (Þór)	Eftirlitsmaður	Kjartan Guðmundsson
Heimili	Vatnsmýrarvegur 16	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600169-2039	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Þór Eysteinnsson	ÍSAT nr.	85.14.3
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitinu en ein ábending var sett fram er snýr að því að merkja þarf rými þar sem unnið er með erfðabreyttar lífverur.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi Háskóla Íslands til starfsemi með erfðabreyttar lífverur í flokki 1 í VR III að Hjarðarhaga 2, 107 Reykjavík. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Almenn ákvæði (kafla 1 í leyfi)
- Varnir gegn mengun ytra umhverfis (kafla 2)
- Innra eftirlit og starfshættir rekstraraðila (kafla 3)
- Eftirlit og neyðaráætlanir (kafla 4)
- Skoðunarferð

Farið var yfir almenn ákvæði starfsleyfisins, m.a. hvaða starfsemi fellur undir leyfið og hvaða breytingar ber að tilkynna. Háskóli Íslands (VR III) fékk nýtt starfsleyfi þann 27. desember 2019 sem gildir til 16. nóvember 2026.

Kannað var hvernig rekstraraðili sinnir skráningu úrgangs, vinnudagbóka og þjálfunar starfsfólks.

Rekstraraðila er heimil, í þar tilgerðri dýraaðstöðu, starfsemi sem felur í sér innflutning og rannsóknir á allt að 200 erfðabreyttum músum og allt að 60 erfðabreyttum rottum. Við eftirlit kom í ljós að aðeins er unnið með mýs en ekki rottur og er umfangið í samræmi við leyfið.

Áhættumat og neyðaráætlanir voru skoðaðar með áherslu á að þær væru uppfærðar og aðgengilegar öllum starfsmönnum. Í framhaldi af heimsókninni var óskað eftir uppfærðri neyðaráætlun sem rekstraraðili skilaði inn þann 2. október 2025.

Í skoðunarferð á aðstöðu var farið yfir búnað, aðgangsstýringu, merkingar, notkun hlífðarfatnaðar, geymsla efna og meðhöndlun spilliefna. Á rannsóknarstofum var almennt góður aðbúnaður og verklag gott. Aðstaðan var öll snyrtileg, verkferlar virkir og ekki tilefni til athugasemda.

Farið var einnig yfir hvort breytingar á starfseminni væru fyrirhugaðar og kom fram að svo væri ekki.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

ÁBENDINGAR

Merkja þarf rými þar sem unnið er með erfðabreyttar lífverur með viðeigandi hættumerkjum.

Reykjavík, 20.10.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Kjartan Guðmundsson